



396. Stjórnarfundur haldinn 24. sept. 2012 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Sveinn Adolfsson (SV) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf og greiningarskýrsla frá UMFÍ stíluð á formann v/VBS málsins. Umræður um málið.

3. Send bréf.

Umsókn send í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ v/ yfirfærslu á filmu 18. Landsmóts UMFÍ 1984 sem haldi var í Keflavík og Njarðvík yfir á DVD- disk sem verður sýningarhæfur í bióhúsum. Myndin verður sýnd á Ljósanótt 2013 í Sambíóinu í Reykjanesbæ og er frítt fyrir almenning.

Þakkarbréf sent á sviðsstjóra íþrótt- og tómsundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs RNB v/ nýs gólfefnis á b- sal íþróttahússins við Sunnubraut auk þess að nýjar körfur voru settar upp og salurinn málaður.

4. Hringbraut 108.

Tölvupóstur frá Guðbjörgu Jónsdóttur v/ áframhaldandi leigu fram til áramóta. Fram kom að leigan yrði hækkuð um tíu þúsund krónur. *Samþykkt að leigja Guðbjörgu áfram til áramóta og framkvæmdastjóra falið að gera við hana samning sem inniheldur þessa hækkun. Samþykkt að verða við beiðni knattspyrnudeildar vegna afnota af Hringbraut 108 frá 15. desember til 15. janúar fyrir flugeldasölu með þeim kvöðum að deildin sjái til þess að gólfefni og annað í húsinu verði ekki fyrir skemmdum. Allur sá kostnaður sem kann að hljóta við að húsnæðið uppfylli kröfur eldvarnareftirlitsins eru á vegum knattspyrnudeildar. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málum gagnvart Guðbjörgu Jónsdóttur leigjanda og knattspyrnudeildar.*

5. Jólblað.

Ákveðið að opnuviðtalið verði við Guðfinn Sigurvinsson og Björn Jóhannsson. Rætt um að fá Ragnar Örn til að taka viðtalið við þá féлага.

6. Námskeið.

EH sagði frá því að aðeins einn hafi tilkynnt sig á námskeiðið í skyndihjálpi 16. október. *Ákveðið að senda aftur út tölvupóst og úreka skyndihjálpanámskeiðið og taka fram að það sé fyrir hjálfara og stjórnarfolk meðan pláss leyfir.*

7. Félagsheimili Keflavíkur.

Fyrir lá fundagerð af fundi með EH, SA, BS, Stefáni Bjarkasyni og Hafsteini Ingibergssyni. EH, SA og BS fóru yfir fundagerðina. Stjórnarmenn ánægðir með hana.

8. Fjölskyldan á fjallið.

Laugardaginn 15. september var farið á Keilir til að sækja gestabókina okkar. Rannveig Garðarsdóttir leiðsögumaður var fengin til að leiða hópinn. Átta manna hópur fór á Keilir þennan dag í góðu veðri og það verður að segjast að það séu nokkur vonbrigði hversu fámennt var. Gestabókin var ekki á toppi Keilis. Myndir komnar inn á heimasíðu félagsins.

9. Fundir með deildum.

Eftir á að funda með badminton- og skotdeild. *Framkvæmdastjóra falið að koma á fundi í nóvember.*

10. Önnur mál.

Tvær tilkynningar um íþróttaslys frá fimleikadeild. *Móttekið.*

Uppskeruhátið knattspyrnudeildar 29. september 2012. Aðalstjórn boðið. Fimm aðilar koma til með að mæta af hálfu aðalstjórnar.

Jólahlaðborð. *Ákveðið að fara á jólahlaðborð. Framkvæmdastjóra falið málið.*

SA óskaði eftir því að næsti stjórnarfundur yrði 3. október kl.17:00. *Samþykkt að færa fundinn til 3. október kl. 17:00.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:15

Fundinn ritaði SG

